

Konur í Nýló - Verk úr safneign Nýlistasafns

Sýningin sem hér er til sýnis hjá *Rétti* er samantekt á sýningarröð Nýlistasafnsins 2015 – 2016 sem varpaði ljósi á hlut kvenna í sögu og safneign Nýló. Verkin á sýningunni fjalla um hvað hefur áunnist frá því að konur hlutu kosningarétt árið 1915 og varpa fram ótal hugmyndum um ýmsar tegundir valds, mismunandi baráttumál, innri og ytri átök sem og samhengi hlutanna.

Listakonurnar sem eiga verk á sýningunni eru Svala Sigurleifsdóttir, Róska, Rúrí og Valdís Óskarsdóttir. Sýningarstjórn er í höndum Þorgerðar Ólafsdóttur, safnstjóra Nýlistasafnsins og Becky Forsythe, safneignarfulltrúa safnsins.

Women in Nýló – works from the collection

This exhibition is a continuation of the series *Women in Nýló*, which was exhibited in the Living Art Museum's *Living Collection* during 2015 – 16, highlights women's history in the collection. The exhibition reflects upon what has been achieved since 1915, when women gained the right to vote, while considering power structures, revolt, internal/external conflict and the results of such. The *Women in Nýló* project has allowed the Living Art Museum to address the imbalances found within the collection and history of the museum over the course of its long and colourful past.

Artists included are: Svala Sigurleifsdóttir, Róska, Rúrí og Valdís Óskarsdóttir. The exhibition has been curated by Þorgerður Ólafsdóttir, Director and Becky Forsythe, Collection Manager of the Living Art Museum.

More information at nylo.is



**Hear no evil & Talk no Evil,
See no Evil & Think no Evil**
Valdís Óskarsdóttir (f. 1950)
Ljósmyndir, klippiverk / photo-collage, 1982



Afstæði / Relativity
Rúrí (f. 1951)
Lágmynd / Relief, 1998



Án titils
Svala Sigurleifsdóttir (f. 1950)
Silkþrykk / Silkscreen print, 1981



Gullinn bíll / Golden Car – Happening
Rúrí (f. 1951)
Bókverk / Bookwork, 1976
Verkið byggir á gjörningnum *Gullinn bíll* (1974) en var breytt áður en það kom í eigu Nýlistasafnsins / The work was formerly a bookwork based on the performance *Golden Car* (1974) but was altered before it was donated to the collection at Nýló.



Fallþungi dilka
Róska (f. 1940 – d. 1996)
Málverk / Painting, 1967

101 spurning til kvenna

Hvort er mikilvægara, spurningar eða yfirlýsingar?
Hvort er mikilvægara að tala eða hlusta?
Upp að hvaða marki er kúgun kvenna bundin annarri kúgun?
Upp að hvaða marki er baráttan gegn kúgun kvenna bundin baráttunni gegn annarri kúgun?
Upp að hvaða marki er baráttan gegn kúgun kvenna bundin annarri kúgun?
Er fjallkonan flugumaður í okkar röðum?
Hver er þolandinn í „kúgun kvenna“?
Erum við í eigu þvottahúss ríkisspítalanna eða er þvottahús ríkisspítalanna í eigu okkar?
Upp að hvaða marki er nekt æskileg í opinberu rými?
Hvað dylur skipulagið?
Hvenær er of mikið bleikt?
Er þetta of auðvelt?
Hversu mikilvægur er líkaminn?
Hvað með lyktina?
Vantar meira glimmer?
Er Píkusögur góð bók?
Er viðeigandi að óska hver annarri til hamingju með 100 ára afmæli kosningaréttarins?
Hvort viltu frekar fá vasaúr eða gullbryddaðan bréfhúf þegar þú lætur af störfum?
Er klám siðferðislegt eða fagurfræðilegt vandamál?
Hversu mikilvægur er efniviðurinn?
Hugsar þú ekki um neitt annað en kynlíf?
Hvort kom á undan, eggði eða konan?
Framleiðandi, neytandi eða bara milliliður?
Erum við klippiverk?
Má drepa?
Af hverju að sýna píkur?
Gilda einhverjar reglur um baráttuna?
Ef já, hver setur reglurnar?
Hversu mikilvægar eru sjálfvirkar þvottavélar?
Þurfum við stuðning?
Er betra ef ég segi þetta á öðru tungumáli?
Má ekki bjóða ykkur meira af þessu lítilræði?
Hver er skaparinn?
Hvar á okkar heimur uppruna sinn?
Hefur þú hugsað um kynlíf í fjölskylduboðum?
Ef já, hugsar þú um kynlíf vegna eða þrátt fyrir nærveru fjölskyldu þinnar?
Hvernig er best að matreiða fylgjuna?
Hversu mikilvæg er aðferðin?
Er gróft vont?
Á það að vera gaman?
Á það að vera fallett?
Á það að vera erfitt?
Á það að vera viljandi?
Getum við smitast?
Átti sér stað frelsun?
Ef já, hver græddi mest á frelsuninni?
Hvað er svona merkilegt við það?
Er ekki ágætt að vera viðrini?
Hvort er hættulegra að snerta eða vera snert?
Hvort er hættulegra að sjá eða vera séð?

Verður það hlutur minn í helvíti að staga?
Hvað geta þrjónar valdið miklum skaða?
Hvað er gervi við gervilim?
Hvort er betra að vera feitur þjónn eða barinn þræll?
Hvað ef þrælnum finnst gott að láta berja sig?
Getur tvíhyggjan verið góð?
Hversu sveitt er of sveitt?
Hefur kvenlíkaminn verið afhelgaður?
Erum við til í að fórna grimmdinni?
Hvar tekur ásetningurinn við af eðlinu?
Má það vera grunnhyggið?
Getur það verið frá Hollywood?
Móður, konu eða meyju?
Er rýtingurinn í greip okkar vopn feðraveldisins?
Get ég lifað með því?
Hverjum er höndin hollust?
Hefur eitthvað breyst?
Hvernig ríður kona manni?
Hvað merkir rauður brúðarkjól?
Hvar eru staðgenglarnir okkar?
Skiljum við það sem við segjum?
Er hægt að fara burt?
Hver er kallinn?
Jafngildir valdefling auknu valdi?
Hvort er auðveldara að vera fundarstjóri eða framsögumaður?
Skekklir það niðurstöðu hausatalingarinnar ef í menginu er marghöfða skrímsli?
Hefur kvenlíkaminn höfuð?
Höfum við eitthvað að segja?
Er ég amma mín?
Höfum við eitthvað betra að segja?
Er samstarfið æskilegt eða hættulegt?
Eru konur í eðli sínu framúrstefnulegar?
Eigum við val?
Er markmiðið raunhæft?
Erum við eins og þær?
Má endurtaka sig?
Hvar er valdið falið?
Er fáviskan skárri ef maður þegir um hana?
Mun hún í alvöru roðfletta þig?
Hefur einhver yfirsýn?
Getur kona í mínípilsí sjálfri sér um kennt ef hún fær blöðrubólgu?
Er kvenleikinn umhverfisvænn?
Af hverju eru konur í verðleikasamfélagi svona lélegir trommarar?
Er það af því að barnið í bumbunni sparkar ekki í takt?
Hvort er betra að eiga 1% eða 99%?
Er þessi spurningalisti eftir forskrift feðraveldisins?
Hvað er í gangi á kvennaklósettinu?
Hvar eru músurnar okkar?
Gæti það mistekist?
Skiptir það máli?
Hnefi eða opinn lófi?